

Falsaðir seðlar

Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu vill vekja athygli á eftirfarandi upplýsingum frá lögreglu:

Um helgina tókst nokkrum aðilum að koma nokkuð af evru seðlum í umferð. Aðferðin sem að þeir beittu var að fara með háa seðla, 100 og 200 evrur og versla lítið eitt með þeim.

Fljótt á lítið eru þetta sambærilegir seðlar evrum. En þeir standast enga nánari skoðun ef vitað er hverju á að horfa eftir. Svo virðist sem það sé hægt að kaupa búnt af svona „ekki seðlum“ í Rússlandi.

Þegar seðlarnir eru skoðaðir er nauðsynlegt að horfa til eftirfarandi þátta sem eru útskýrðir nánar á næstu blaðsíðum:

- Letur seðlanna er á rússnesku og R-ið í EURO er öfugt.
- Áferð seðlanna er ekki eins og venjulegir seðlar þ.e. pappírinn er annar.
- Alla öryggisþætti vantar í seðlanna.

Ef vart verður við þessa seðla skal tilkynna það til lögreglu á netfangið jokull@lrh.is

<https://www.facebook.com/notes/l%C3%B6greglan-%C3%A1-h%C3%B6fu%C3%B0borgarsv%C3%A6%C3%B0inu/falsa%C3%B0ir-evruse%C3%B0lar-%C3%AD-umfer%C3%B0/2825271754204234/>

Falsaðir seðlar



Falsaðir seðlar

Framhlið:



1. Þarna stendur efst: СУВЕНИР (borið fram souvenir) og merkir minjagripur. Þá er „R“ í EURO öfugt, „Я“.
2. Hér er svæði sem á að vera glasandi en er matt þar sem um einfalda prentun er að ræða.

Falsaðir seðlar

Á bakhlið:



Sami texti nema að hér bætist við 9 í gríska lettrið.

Enn meira áberandi er að þar sem raðnúmer seðilsins á að vera er rússneskt letur:
НЕ ЯВЛЯЕТСЯ ППАТЕЖНЫМ СРЕДСТВОМ.

Falsaðir seðlar

Á seðlana vantar alla öryggisþætti.



1.



2.

3.

1. Vatnsmerki á að vera hér.
2. Öryggislína sem sést vel þegar að er gáð.
3. Á að vera þrívíddar prentun.